

59. fundur hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis haldinn í Grenilundi 19, 05. júlí 2016 kl. 15.00

Mættir: Anna Krístrún Sigurpálsdóttir (AKS) og Martha Elena Laxdal (MEL).
Fjarverandi Ingólfur Helgason (IH).

Tilfni fundar voru fjögur erindi og ítrekanir sem bárust nefndinni frá síðasta fundi:

1. Göngustígur við Dalsgerði

Tölvupóstur barst 22. maí sl., vegna göngustígsins sem liggur frá Skógarlundi framhjá Nettó Hrísal. og alveg út í þorp, stígurinn liggur á milli fjögurra raðhúsa, tveimur við Dalsgerði nr. 1 og 3 annarsvegar og tveimur við Grundargerði 2 og 4 hinsvegar. Stígurinn var varinn af gulum steinum til að hindra umferð en þeir hafa verið fjarlægðir. Samkvæmt íbúum var eftir það farið að aka þvers og kruss yfir stíginn jafnvel á töluverðum hraða, sennilega til að stytta sér leið og nota bílaplönin við þessi hús sem umferðargötur, þarna eru börn að leik og borið hefur við að menn hafa verið að gera við bíldrulur á stígnum. Íbúum finnst þetta óþolandi ástand. Fyrst fyrir einum 3 - 4 árum reyndi íbúi að tala við bæjarstafsmenn, enginn virtist vita hver ætti að sjá um þetta, endaði þó hjá framhæmdamiðstöð og var honum svarað með hortugheitum og úúrnsnúningum

Fulltrúi hverfisnefndarinnar hafði samband við viðeigandi aðila (Gunnþór) hjá umhverfisdeild Akureyrarbæjar samdægurs og pósturinn barst með símtali og tölvupósti. Viðbrögð voru jákvæð og loforð um úrbætur.

2. Göngustígur við Dalsgerði, ítrekun

Þann 29. júní barst ítrekun þar sem ekkert hefur gerst varðandi þetta erindi auk þess viðbótar erindi varðandi númerslaust bílhræ fullt af drasli sem búið er að leggja á stígnum og óskað er eftir að verði fjarlægð. Í erindinu er því velt upp hvers hlutverk það er að fjarlægja slíkt?

3. Erindi frá fimm íbúum Gerðahverfis

Eftirfarandi fjögurra liða erindi barst samhljóða frá fjórum aðilum undirritað af fimm íbúum hverfisins, farið er fram á:

- 1) Að hámarkshraði í hverfinu verði lækkaður úr 30 í 15 km á klst og að sett verði upp merkingar sambærileg og má sjá hér að neðan.
- 2) Að settar verði upp a.m.k. fjórar færanlegar hraðahindranir í Stóragerði.
- 3) Að hægri réttur falli niður og í stað verði sett biðskylda á allar götur að Stóragerði.

- 4) Að „knattspyrnuvöllur“ og leikvöllur við Stóragerði verði nú þegar lagfærðir.



4. Sláttur á hljóðmön við Dalsbraut

Borist hafa ábendingar um að hljóðmön við Dalsbraut sé slegin seint og illa, mikið um illgresi sem berst í nærliggjandi garða.

5. Hröð umferð vörubíla og flutningabifreiða

Borist hefur ábending um að drekkhlaðnir vörubílar keyri á miklum hraða eftir bæði Skógarlundi og Dalsbraut og inn í Lundahverfi í tengslum við nýbyggingaframkvæmdir þar. Ítrekun varðandi sama vanda í Gerðahverfi varðandi flutningabifreiðar.

Önnur mál:

- 1) **Framkvæmdir vegna grillhúss** eru loks komnar á skrið, til stóð að húsið myndi rísa fyrir skólaslit og síðan fyrir 17. Júní, hvorugt stóðst og hefur ekki verið haft samband við hverfisnefnd um stöðu mála. Reynt var að ná sambandi við Jón Birgi meðan á fundi stóð vegna rekstarfjármála m.t.t. hver staðan er á þessu stigi framkvæmda við grillhúsið m.a. hvort til sé afgangsfé sem væri hægt að nýta til að halda vígslu á húsinu, bjóða upp á grillaðar pylsur t.d. Jón er í sumarleyfi haft verður samband við annan aðila 06.07. til að reyna að fá upplýsingar um þetta sem og hvaða aðilar munu standsetja grillin, setja upp borð o.fl. praktískt. AKS hringir og ML og AKS panta grill í framhaldi.
- 2) Fyrirhugaður er fundur 06.07. kl. 16.30 með öðrum hverfisnefndum í tengslum við Akureyrarvöku.

Fundi slitið kl. 16.15

Fundargerð ritaði, AKS.